



Fundargerð

Svæðisráð norðursvæðis - 53. fundur svæðisráðs norðursvæðis haldinn Laugum, hreppsskrifstofu Þingeyjarsveitar, 20. september 2018, kl. 12:35.

Fundinn sátu:

Óli Halldórsson, Anton Freyr Birgisson, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Grétar G. Ingvarsson, Hjördís Finnbogadóttir, Hjalti Páll Þórarinsson, Guðmundur Ögmundsson og Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir.

Fundargerð ritaði: Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, þjóðgarðsvörður á hálendi.

1. Norðursvæði: Skipan svæðisráðs - 1809015

Anton Freyr Birgisson hefur skv. tilkynningu umhverfissráðherra verið skipaður fulltrúi Skútustaðahrepps í svæðisráði, í stað Böðvars Péturssonar áður.

Svæðisráð norðursvæðis er þar með skipað skv. eftirfarandi:

Óli Halldórsson, formaður, tilnefndur af Norðurþingi,

Örlygur H. Örlygsson, varafulltrúi.

Anton Freyr Birgisson, tilnefndur af Skútustaðahreppi,

Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir, varafulltrúi.

Arnheiður Jóhannsdóttir, tilnefnd af Ferðamálasamtökum Norðurlands eystra, Hjalti P. Þórarinsson, varafulltrúi.

Ásvaldur Ævar Þormóðsson, tilnefndur af Þingeyjarsveit,

Margrét Bjarnadóttir, varafulltrúi.

Grétar Ingvarsson, tilnefndur af Samtökum útivistarfélaga,

Ingimar Árnason, varafulltrúi.

Hjördís Finnbogadóttir, tilnefnd af umhverfisverndarsamtökum,

Sigríður Stefánsdóttir, varafulltrúi.

Lagt fram til kynningar.

2. Norðursvæði: Kjör varaformanns svæðisráðs - 1809014

Böðvar Pétursson fulltrúi Skútustaðahrepps í svæðisráði var varaformaður en hefur hætt setu í svæðisráði.

Böðvari Péturssyni þökkun vel unnin störf í svæðisráði frá upphafi stofnunar Vatnajökulsþjóðgarðs.

Anton Freyr Birgisson fulltrúi Skútustaðahrepps kjörinn varaformaður svæðisráðs.

3. Norðursvæði: Fundardagatal 2018-2019 - 1809016

Stefnt verði að fundum svæðisráðs á mánudögum kl 10-12, mánaðarlega að jafnaði.

Þjóðgarðsverðir leggi fram tillögu að fundardagatali til svæðisráðs í tölvupósti.

Næsti fundur svæðisráðs verði haldinn á Akureyri 8.október kl 10-12.

4. Framkvæmd: Vikraborgir landvarðaskáli - 1809003

Þurrsalerni við Vikraborgir voru tekin í notkun 3. júlí. Bygging aðstöðuhúss fyrir

landverði í Vikraborgum (í Öskju) var á framkvæmdaáætlun 2018. Í ljósi fjárhagsstöðu og óhjákvæmilegra tafa á afhendingu hússins, hefur stjórn óskað þess að beðið verði með flutning hússins og lokafrágang þar til á næsta ári. Samningaviðræður standa yfir við verktaka um hluta verksins, þ.e. gerð undirstaðna og frágang í kring sem mun að vonum nást í haust.

Lagt fram til upplýsinga.

5. DrekaGil: Deiliskipulag aðstöðuhús - 1712001

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi þjónustusvæðis við DrekaGil sem næmi lóð fyrir aðstöðuhús Ferðafélags Akureyrar, ætlað til að hýsa nestisaðstöðu fyrir tjaldgesti, þurrkaðstöðu og gistirými fyrir vinnuhópa eða starfsmenn á efri hæð. Skútustaðahreppur setti breytingatillöguna í grenndarkynningu og færði Forsætisráðuneyti og Vatnajökulspjóðgarði til umsagnar.

Málið hefur áður komið fyrir svæðisráð, sem þá lýsti ánægju með fyrirætlanirnar og frumkvæði að bætingu þjónustu sem þessu næmi, sem og var eindregin skoðun þjóðgarðsvarða.

Nú liggur fyrir að um yrði að ræða hús sambærilegt 40 manna gistiskála sem er á svæðinu nú þegar. Í ljósi nokkurrar sundurleitni byggðarinnar við DrekaGil og þeirrar breytingar sem um ræðir, varð þjóðgarðsvörður óviss um áhrif útfærslunnar á ásýnd svæðisins. Í samtölum við staðkunnuga varð sá efi að hluta til staðfestur.

Í nokkur ár hefur legið fyrir af hálfu Vatnajökulspjóðgarðs að gera heildstætt deiliskipulag fyrir þjónustusvæðið í DrekaGili en ekki verið fjármagnað.

12. september hittu formaður og varaformaður FFA framkvæmdastjóra þjóðgarðsins, þjóðgarðsvörð og yfirlandvörð og ræddu málið. Í kjölfar þess kallaði þjóðgarðsvörður eftir áliti ráðgjafa.

Svæðisráð fagnar þeim áformum Ferðafélags Akureyrar að bæta aðstöðu í DrekaGili eins og fyrirhugað er.

Í ljósi umsagnar frá ráðgjafa telur svæðisráð að áhugavert væri að skoða staðsetingu lóðar sem þyrpingu húsa, en sér þó ekki augljósa meinbugi á stofnun umræddrar lóðar og breytingu á deiliskipulagi með þeim hætti sem kynnt hefur verið.

Svæðisráð telur hins vegar áriðandi að þjóðgarðurinn hafi forgöngu um gerð nýs deiliskipulags fyrir þjónustusvæðið í DrekaGili með tilliti til þarfa inn í framtíðina og beinir því til stjórnar að því verki verði hraðað og verði fjármagnað 2019.

6. Kistufell: Borun eftir vatni - 1809017

Björgunarsveitin Stefán hefur óskað leyfis til borunar eftir köldu vatni við skála björgunarsveitarinnar við Kistufell.

Til stendur að bora á sléttunni neðan við skálann, innan skilgreindrar 10.000 fermetra lóðar, að undangenginni forkönnun með prjónum. Jarðraski verður haldið í lágmarki og reynt eftir fremsta megni að hafa farartæki og kerrur á skilgreindum vegslóða.

Fyrirhuguð hola verði 6" í þvermál og fóðruð efstu 12 m en 4" eftir það. Fóðring mun standa u.þ.b. 50 cm upp úr jörðu fram að formlegri notkun borholunnar.

Svæðisráð fagnar frumkvæði Björgunarsveitarinnar Stefáns um að bora eftir köldu vatni á svæðinu. Umferð göngufólks um Kistufell hefur stóraukist á undanförunum árum og hefur verið brugðið á það ráð að flytja þangað vatn í brúsum.

Svæðisráð felur þjóðgarðsverði á hálendi að fylgja málinu eftir með tilliti til nákvæmrar staðsetningar, lágmarkun jarðrasks og afturkræfni framkvæmdarinnar svo sem frekast verði unnt. Óski framkvæmdaáðili þess að skilgreina hentugri lóð með tilliti til staðsetningar húss og möguleika á borholu með lágmarkun jarðrasks, tekur svæðisráð jákvætt í það, enda falli það að skilmálum Stjórnunar- og verndaráætlunar.

7. DrekaGil: Smávirkjun - 1711002

Þjóðgarðsvörður á hálendi greindi frá stöðu mála varðandi smávirkjun í DrekaGili, verkefni unnið af Neyðarlínunni ohf. Deiliskipulagstillagan hefur öðlast samþykki. Í haust er vilji til plægja jarðstreng frá áætluðu stöðvarhúsi á topp Vaðöldu, sem og frá stöðvarhúsi að þjónustusvæði við DrekaGil. Aðrar framkvæmdir verkefnisins munu bíða

næsta sumars.

Lagt fram til kynningar.

8. Dettifoss salernismál - 1805017

Þjóðgarðsvörður í Jökulsárgljúfrum fór yfir stöðu málsins. Að hans mati er ýmislegt sem stendur í vegi fyrir því að ný salernisaðstaða geti risið við Dettifoss að vestanverðu og algerlega ófyrirséð hvort eða hvenær af framkvæmdum getur orðið. Þar sem útlit er fyrir að nýr Dettifossvegur klárast á næstu árum þá telur þjóðgarðsvörður tímabært að líta til annarra möguleika í stöðunni, s.s. að byggja nýja aðstöðu í landi þjóðgarðsins við gatnamót Dettifossveggar (862) og Dettifossveggar vestari (886).

Lagt fram til kynningar.

9. Jökulsárgljúfur: heilsárslandvörður - 1809013

Þjóðgarðsvörður í Jökulsárgljúfrum gerði grein fyrir reynslu síðustu ára. Vetraropnun var í Gljúfrastofu í fyrsta sinn veturinn 2016-2017 og hún endurtekin 2017-2018, þó með þeirri breytingu að þá var lokað um helgar á tímabilinu frá byrjun nóvember til loka apríl. Vetraropnunin hefur að mestu verið á herðum þeirra tveggja heilsársstarfsmanna sem fyrir eru á starfsstöðinni í Ásbyrgi og hrein viðbót við önnur störf þeirra. Álagið hefur verið sérstaklega mikið seinni part haustsins þegar sumarstarfsmenn eru horfnir á braut og aftur upp úr miðjum febrúar þegar ferðamönnum tekur að fjölga á ný. Það er sérstaklega slæmt því þetta er sá tími sem undirbúningur fyrir sumarið er í fullum gangi. Að sama skapi er slæmt fyrir starfsmennina að vera bundnir yfir Gljúfrastofu meira og minna allt árið, m.a. vegna þess að það dregur úr möguleikum þeirra á þátttöku í allskyns samstarfsverkefnum innan og utan þjóðgarðs, eftirliti úti á svæðum þjóðgarðsins, heimsóknum í skóla vegna fræðslumarkmiða, símenntunar og töku lögbundins orlofs, svo eitthvað sé nefnt.

Þó að það sé jákvætt að halda úti vetraropnun í Gljúfrastofu þá er það mat þjóðgarðsvarðar að það megi ekki koma niður á öðrum þáttum í starfi þjóðgarðsins né starfsmönnum hans. Lykilforsenda fyrir áframhaldandi vetraropnun er að ráðinn verði heilsárslandvörður á starfsstöðina sem hafi það meginhlutverk að sinna upplýsingagjöf í Gljúfrastofu að vetrarlagi, ásamt því að leiða fræðslustarf í Jökulsárgljúfrum.

Svæðisráð telur brýnt að Gljúfrastofa verði áfram opin allt árið. Reynslan sýnir að óraunhæft er að bæta þeim skyldum við önnur hlutverk núverandi starfsfólks. Því er brýn þörf á einu stöðugildi til viðbótar við þau tvö sem fyrir eru. Svæðisráð fer því fram á það við stjórn að í rekstraráætlun 2019 verði gert ráð fyrir heilsárslandverði í Jökulsárgljúfrum.

10. Innra starfið: Rekstrar og stjórnsýsluúttekt Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins maí 2018 - 1806006

Rekstrar- og stjórnsýsluúttekt Umhverfis og auðlindaráðuneytis á starfsemi Vatnajökulsþjóðgarðs voru gerð skil í skýrslu Capacent í maí síðastliðinn.

Lagt fram til kynningar.

11. Þjóðgarðastofnun - frumvarp - 1808004

Drög að frumvarpi um þjóðgarðastofnun lögð fram til kynningar.

12. UNESCO - 1808005

Fyrir liggur tilnefning Vatnajökulsþjóðgarðs á heimsminjaskrá UNESCO. Vettvangsferð sendinefndar stendur fyrir dyrum í næstu viku.

Fundur sendinefndar með svæðisráði norðursvæðis áætlaður í Mývatnssveit föstudaginn 28. september n.k.

Anton Freyr Birgisson yfirgaf fundinn, kl. 15:15.

13. Stofnun miðhálandisþjóðgarðs - 1809019

Málefni um stofnun miðhálandisþjóðgarðs lögð fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 15:50.

Óli Halldórsson

Anton Freyr Birgisson

Ásvaldur Ævar Þormóðsson

Grétar G. Ingvarsson

Hjördís Finnbogadóttir

Hjalti Páll Þórarinnsson

Guðmundur Ögmundsson

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir
